

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Bóka- og minjasafn Nönnu Guðmundsdóttur.

Pann 20. október 1988 ákváðu erfingjar db. Nönnu Guðmundsdóttur, Berufirði I, Beruneshreppi, Suður-Múlasýslu, sem lést 14. mars s.á., að setja á stofn sjálfseignarstofnun með eftirfarandi skipulagsskrá:

1. gr.

Stofnunin heitir Bóka- og minjasafn Nönnu Guðmundsdóttur.

2. gr.

Eignir stofnunarinnar eru allar eignir db. Nönnu Guðmundsdóttur, þ.e. íbúðarhúsið að Berufirði I, Beruneshreppi ásamt innbúi, gömlum munum, bókum og innstæðum að fjárhæð kr. 1 101 955,00.

3. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er starfræksla safns í Berufirði I, Beruneshreppi, þar sem varðveittir verða gamlir munir og bækur dánarbúsins til afnota fyrir hreppsþúa fyrst og fremst, en þó öllum opið sem þangað vilja leita heimilda.

4. gr.

Tekjur stofnunarinnar eru vaxtatekjur af innstæðum og annað eigið fé, er henni kann að áskotnast.

5. gr.

Stjórn stofnunarinnar skipa 5 menn til 4 ára í senn: 4 ættingjar hinnar látnu skipaðir úr jafnmörgum hópum systkinabarna og 1 tilnefndur af sveitarstjórn. Hver stjórnarmanna tilnefnir varamann fyrir sig.

Stjórnin komi saman eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

Einfaldur meirihluti stjórnar ræður ákvörðun innan stjórnar.

Fasteign skal ávaxta með leigutekjum, en lausafé á hagstæðum kjörum í banka.

Eignir stofnunarinnar skulu vera í vörslu og ábyrgð stjórnar.

6. gr.

Stjórninni er heimilt að stofna til fjárfestinga í því skyni að markmiði stofnunarinnar verði náð.

7. gr.

Verði stofnunin lögð niður, skulu eignir hennar renna til annarra safna á Austurlandi.

8. gr.

Um endurskoðun og birtingu reikninga fer eftir lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

9. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Berufirði, í ágúst 1989.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 8. september 1989.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

18. september 1989

Nr. 461

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðiseftirlit á Suðurnesjum.

1. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi á svæði heilbrigðiseftirlits Suðurnesja skv. lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og 36. gr. 1. tl. heilbrigðisreglugerðar nr. 45/1972, skulu eftirlitsskyld fyrirtæki greiða gjöld sem greinir í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Eftirlitsskyldum fyrirtækjum skal skipt í 4 flokka eftir gerð og umfangi þeirra í samræmi við fylgiskjal með gjaldskrá þessari.

3. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi skv. 2. gr. laga nr. 81/1988 skal árlega greiða eftirlitsgjöld sem hér greinir:

1. flokkur	kr. 8 000,00
2. flokkur	kr. 16 000,00
3. flokkur	kr. 28 000,00
4. flokkur	kr. 40 000,00

Framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlits semur fyrir hönd svæðisnefndar, lista yfir eftirlitsskyld fyrirtæki á svæðinu í samræmi við fylgiskjal með gjaldskrá þessari. Listi þessi skal afhentur hlutadeigandi sveitarfélögum. Sveitarstjórnir sem kjósa að leggja á eftirlitsgjöld, innheimta þau á eigin ábyrgð og kostnað. Skulu gjöld þessi ganga til greiðslu á kostnaði vegna heilbrigðiseftirlits.

4. gr.

Gjalddagi eftirlitsgjalda er 1. október og eindagi 1. nóvember. Um innheimtu gjalda fer að öðru leyti samkvæmt lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

5. gr.

Gjald skv. 3.gr. má innheimta með lögtaki.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarfélögum á heilbrigðiseftirlitssvæði Suðurnesja, sbr. 6. gr. 11. tl. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, staðfestist hér með skv. 5. gr. 3. tl. áðurnefndra laga til þess að taka gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. september 1989.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.